

Ed.

388. Nefndarálit

[38. mál.]

um frv. til laga um hámark húsaleigu o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og m. a. rætt um það við borgarstjórnann í Reykjavík, hvort ekki mundi eðlilegt að bæta inn í frumvarp þetta ákvæði um það, að bindingarákvæði húsaleigulaganna um húsnæði í húsum, sem húseigandi býr ekki í sjálfur, sem á að falla úr gildi 14. maí 1952, yrði framlengt. Tjáði borgarstjóri nefndinni þá skoðun sína, að slíks væri ekki þörf, þar sem nú væri óðum að rísa upp ný hús, sem bæta mundu úr húsnæðisvandráðunum, og sömuleiðis taldi hann ekki rétt, að breytt væri um stefnu, úr því að þingið hefði eitt sinn ákveðið að afnema bindingarákvæðin.

Meiri hluti nefndarinnar telur þó, að með tilliti til þess, að nú liggur fyrir þinginu nýtt frumvarp til húsaleigulaga, sem væntanlega verður afgreitt á næsta þingi, vinnist ekki tími til að samþykkja það á þessu, þá sé rétt að halda í eitt ár enn þá þeim takmörkunum, sem enn eru í húsaleigulögunum, og leggur því til, að frv. sé breytt í þá átt. Einn nm. (LJóh) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Á eftir greininni kemur ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir orðin „14. maí 1952“ á tveim stöðum í 7. gr. laga nr. 56 1950, um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, kemur: 14. maí 1953.

Alþingi, 10. des. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir,
form., frsm.

Páll Zóphóniasson.

F. R. Valdimarsson.

H. Guðmundsson.